

- c. Tjón af völdum snjóflóða, er falla á tryggðar eignir og valda skemmdum eða eyðileggingu.
 Það telst ekki vera snjóflóð þótt þak á húsi sligist undan snjópunga, sem safnast á þakinu í snjókomu.
- d. Tjón af völdum þess, er skriða fellur á tryggðar eignir og veldur skemmdum eða eyðileggingu á þeim.
- e. Tjón af völdum flóða, er verða í þeim mæli, að ár eða lækir flæða yfir bakka sína eða flóðbylgjur frá hafi eða vötnum ganga á land og valda skemmdum eða eyðileggingu á tryggðum eignum.

2. gr.

Rísi ágreiningur um, hvort bótaskyldur tjónsatburður hafi gerst eða hvort tjón sé bótaskyldt, skal stjórn stofnunarinnar úrskurða um málið.

Vilji tjónþoli eigi sætta sig við úrskurð stjórnarinnar, skal hann innan 30 daga frá því, að honum barst tilkynning um úrskurð hennar, skjóta ágreiningnum til hamfaraneftardar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 52 27. maí 1975 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 9. janúar 1979.

Magnús H. Magnússon.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurböfn,
 nr. 107 4. mars 1975.

1. gr.

Aftan við 6. málsgrein 3. greinar komi ný málsgrein svohljóðandi:

Ennfremur er starfsmönnum Reykjavíkurböfnar heimilt að viðhafðri allsherjar- atkvæðagreiðslu að kjósa einn fulltrúa til setu á fundum hafnarstjórnar með mál- frelsi og tillögurétti, enda sé sá fulltrúi búsettur í Reykjavík.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, stað- festist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 23. janúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Ólafur S. Valdimarsson.